

Kleinhringir drauma þinna

**Dons Donuts**

WWW.DONSDONUTS.IS

# GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

**Apótek**  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010  
Litlatúni 3 · 210 Gbæ

Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins [KGP.IS](http://KGP.IS)

22. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 13. júní 2024

# Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30

Krambúðin

FASTEIGNASALAN  
**TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson  
löggtur fasteignasali  
Sími 898 6106

**FLATEY**

PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HERRINGJA

24/7  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## Hans Jóhannsson fiðlusmíðameistari er bæjarlistamaður Garðabæjar 2024

Manfreð Vilhjálmsson arkitekt heiðraður fyrir ómetanlegt ævistarf

Bæjarlistamaður Garðabæjar, Hans Jóhannsson fiðlusmíðameistari (t.h.) ásamt Manfreði Vilhjálmssyni, arkitekt sem var heiðraður fyrir ómetanlegt ævistarf

Útnefning bæjarlistamanns Garðabæjar fór fram við hátiðlega athöfn í Sveinatungu sl. föstudag en fiðlusmíðameistari Hans Jóhannsson er nýr bæjarlistamaður.

Hans fagnar nú 40 ára starfsafmæli og sýning á hjóðfærum hans sem fór fram í Ásmundarsal

var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Þó Hans hafi helgað sig nýsmíði á klassískum strengjahljóðfærum hefur hann einnig flutt fyrirlestira um hjóðfærasmíði og hljóðvistfræði víða um heim og tekið þátt í gerð sjónvarpsmyndar um efnið. Þá var Manfreð Vilhjálmsson arkitekt heiðraður fyrir ómetanlegt ævistarf. *Frh. á bls 6.*

KOMINNTÍMA  
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)

Frumherji

Grillvörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar

**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

VEISLUPJÓNUSTA  
LEMON

SENDU FYRIRSPURN Á [VEISLA@LEMON.IS](mailto:VEISLA@LEMON.IS)

**LEMON**  
MEIRA LÉSI MEIRA GOTT

# 30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT  
LIND  
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöolum.

# Kór Vídalínskirkju söng við forsetamóttöku



Kór Vídalínskirkju undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar söng tvö lög forsetahjónunum til heiðurs á Bessastöðum sl. laugardag

Laugardaginn 8. júní buðu forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reed almenningi að koma og skoða húsa-kosti á Bessastöðum en þetta er í seinasta skipti sem þau hjónin bjóða heim.

Í upphafi móttökunnar söng Kór Vídalínskirkju undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar tvö lög forsetahjónunum til heiðurs.

Mikið fjölmenni var og greinilegt að margir höfðu áhuga á boðinu.



Mikill fjöldi þáði boð forsetahjónanna og mætti á Bessastaði

## Er ég fasteignasalinn þinn?



### Ég býð uppá:

- Faglegt verðmat.
- Mjög góða ljósmyndun hjá virtum aðila.
- Sölumöppur.
- Opin hús og einkasýningar.
- Góða eftirfylgni.
- Sanngjarna sölubóknun.

Hringdu í síma 623-1717 eða sendu tölvupóst á svavar@fstorg.is.

**Svavar Friðriksson**  
Fasteigna- og skipasali



**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímánn  
897 2468



Hálf dán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Staphrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



# Fjör fyrir alla í Garðabæ á 17. júní

Fjölskyldur eru boðnar velkomnar á Garðatorg á dagskrá sem miðar að því að kynslóðir geti fagnað þjóðhátíðardegnum saman mánudaginn 17. júní.

Dagskráin er ókeypis, en ágóði kaffihlaðborðs Kvenfélags Garðabæjar rennur til góðgerðamála.

### Dagskráin verður svona:

13:00

#### · Skróðganga

Skátafélagið Vífill og Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leiða göngu sem fer frá Hofsstöðutúni á Garðatorg

13:30 - 16:00

#### · Fjallkona, Latibær og Sigga Ózk

Einnig koma fram Sólon ofurmaður, Ingó Geirdal töframaður og söngkonurnar Jóna Margrét og Anita. Þá dansar hópur frá Dansskóla Birnu Björns. Dagskráin fer fram á sviðið í göngugötu, Garðatorgi 4

13:30-16:00

#### · Hoppukastalar

Bílastæði Garðatorgs breytt í svæði fyrir fjör sem Skátafélagið Vífill hefur umsjón með

13:00 - 16:00

#### · Kaffihlaðborð Kvenfélags Garðabæjar í Sveinatungu

Brauðtertur, hnallþóru og randalínur að hætti kvenskörungna



Kaffihlaðborð Kvenfélags Garðabæjar verður á sýnum stað í Sveinatungu

14:00 - 16:00

#### · Fánasmíðja og andlitsmálun

Föndur og andlitsmálun á Garðatorgi 7

#### · Bóksafn Garðabæjar

Notaleg stemning, spil, tafl og myndir til að lita.

#### · Hönnunarsafn Íslands

Sýningarnar Hönnunarsafnið sem heimili, Strá og greinar og Eldblóm. Körfugerðarkona í vinnustofnunni.

#### · Minjagarðurinn á Hofsstöðum

Skyggnumst inn í fortíðina og fræðumst saman.

#### · Aftur til Hofsstöða

Margmiðlunarsýning á Garðatorgi 7 spannar sögu Garðabæjar frá landnámi.

#### · Kaka og gjöf í tilefni af 80 ára lýðveldisafmæli Íslands

Lýðveldiskaka borin fram á Garðatorgi 4 á fjölskylduskemmtun og Fjallkonubókin afhent á Bókasafni Garðabæjar en hvoru tveggja er í boði forsætisráðuneytisins.

20:00

· Hátíðartónleikar í tilefni 80 ára afmælis lýðveldisins í Tónlistarskóla Garðabæjar Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Hildigunnur Einarisdóttir mezzosópran, Gunnar Guðbjörnsson tenór, Bergþór Pálsson barítón og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanó.

Íslenskar söngperlur fluttar ásamt verðlaunalagi Atla Ingólfssonar við texta Þórarins Eldjárns, Ávarp fjallkonunnar. Aðgangur ókeypis.

## Allt í blóma í Garðabæ

### Garðyrkjudeild Garðabæjar fegrar bæinn með litríkum sumarblómum

Garðyrkjudeild bæjarins fór á fullt um síðustu mánaðarmót við að planta niður litríkum sumarblómum víðsvegar um bæinn eins og bæjarbúar hafa ábyggilega tekið eftir, en garðyrkjudeildin leggur sig alla fram við að koma blómum niður og fegra Garðabæ fyrir hátíðarhöldin 17. júní n.k.

Garðapósturinn kom við á Garðatorgi á dögunum þegar nokkrir starfsmenn garðyrkjudeildar voru að byrja að koma sumblómum fyrir á torginu. „Við miðum við að sem flest sumarblóm verði gróðursett fyrir 17. júní þannig að bærin verði sem glæsilegastur,” segir Jóhanna Kristín Jóhannsdóttir, garðyrkjufræðingur Garðabæjar aðspurð um sumarblóm. „Þegar sumarblóm eru komin í hús er fyrsta verkefnið okkar að útbúa blómakörfurnar sem hanga á staurum á Garðatorgi. Stóru blómakörfurnar eru 68 talsins og í þær fara samtals 1.700 blóm. Blómavalið verður eins og undanfarin ár nema það eru bleikar stjúpur í stað gulra í körfunum, en stjúpur eru mjög harðgerð sumarblóm. Litlu blómakörfurnar eru 16 talsins og í þær fara samtals 48 blóm.”

Þegar blómakörfurnar eru tilbúnar er lögð áhersla á að klára allar gróðursetningar á Garðatorgi. „Í ár erum við að prufa í fyrsta sinn að vera með skrautkál í nokkrum kerjunum á Garðatorgi, en skrautkál er harðgerð káltegund sem getur staðið langt fram á haust. Einnig verða



Planta á Garðatorgi. F.v. Elio, Harri, Andri og Óðinn. Jasmin og Leó fyrir neðan



prófaðar blómategundir sem ekki hafa verið áður til dæmis marglituð gleðiblóm, fagurblá höfuðstjarna og hvít og bleik brúðarstjarna. Blómum er síðan plantað í öll steypu kerin sem sjást víða um bæinn og loks í fyrir fram ákveðin gróðurbeð sem fyrst þarf að stinga upp áður en hægt er að gróðursetja í þau,” segir hún, en meðfylgjandi eru einnig myndir af nýju beði sem

við garðyrkjudeilin útbjó við Aktu taktu í Ásgarði.





**ALLT**

**Í FERÐALAGIÐ**

**FK**  
FJARÐARKAUP

*einstök  
verslun*

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 20. eða 27. júní

Síðasti skiladagur föstudaginn 14. júní  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utfarin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésson  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utfarin@utfarin.is

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

# Bústoð opnar í Miðhrauni Garðabæ

Húsgagna- og gjafavöruverslunin  
Bústoð, sem fagnar 50 ára afmæli á  
næsta ári, mun opna nýja verslun að  
Miðhrauni 24 í Garðabæ í haust.

Bústoð hefur verið starfrækt í Reykjanes-  
bæ frá árinu 1975 og hefur notið mikilla  
vinsælda fyrir vönduð húsgögn á góðu  
verði. Um er að ræða viðbót við núver-  
andi starfsemi en verslun félagsins við  
Tjarmargötu í Reykjanesbæ mun áfram  
sinna ört stækkandi viðskiptavinahópi á  
Suðurnesjunum.

Fyrirhugað er að nýja verslunin að  
Miðhrauni opni í lok september 2024 og  
eru framkvæmdir innandyrna á lokametru-  
num.

## Vönduð húsgögn frá þekktum vörumerkjum

„Markmiðið með opnun á nýrri verslun  
er að bæta þjónustu við viðskiptavini á  
höfuðborgarsvæðinu en þar eigum við  
marga trausta viðskiptavini og finnum fyrir  
mikilli eftirspurn,“ segir Björgvin Ánason,  
framkvæmdastjóri og eigandi Bústoð,  
en Bústoð er rótróið fyrirtæki sem hefur  
náð góðum árangri í sölu innan sem utan  
Suðurnesja. „Við bjóðum upp á vönduð  
húsgögn frá þekktum vörumerkjum sem  
hafa notið vinsælda hér á landi, eins og  
Calia Italia og skandinavískar vörur frá  
Skovby og Furnhouse. Við leggjum mikið  
upp úr góðri, persónulegri þjónustu og hól-  
legri álagningu alla daga ársins.“

## Mikið úrval af klassískri gjafavöru

„Verslunin í Garðabæ verður einstaklega  
falleg, opin, björt og notaleg. Þar munum  
við bjóða upp á allar okkar vinsælustu  
vörur ásamt töluvert af nýjungum. Um er  
að ræða glæsilegan 500 fermetra sýning-  
arsal, þar sem við hlökkum mikið til að taka  
á móti landsmönnum. Við munum sömu-  
leiðis bjóða upp á úrval af klassískri gjafa-  
vöru frá littala, Bitz, Royal Copenhagen,  
Moomin ásamt nýrri og spennandi vöru,“



Björgvin Ánason, framkvæmdastjóri og eigandi Bústoð og Birgitta Ósk Helgadóttir, verslunarstjóri Bústoð að Miðhrauni og eigandi Bústoð



Bústoð hefur verið starfrækt í Reykjanesbæ frá árinu 1975 og hefur notið mikilla  
vinsælda fyrir vönduð húsgögn á góðu verði. Fyrirhugað er að nýja verslunin að  
Miðhrauni opni í lok september 2024 og eru framkvæmdir innandyrna á loka-  
metrunum, en verslunin verður við hliðina á nýrri verslun Bónus í Miðhrauni



segir Birgitta Ósk Helgadóttir, verslunar-  
stjóri Bústoð að Miðhrauni og eigandi.

## Ánægðir að fá Bústoð í Garðabæ

„Við erum mjög ánægðir með að fá Bústoð  
inn í húsnæði okkar að Miðhrauni. Ég þekki  
Bústoð af góðu einu sem gamall viðskipta-  
vinur og var því spenntur fyrir þessari hug-

mynd þegar hún kom upp. Nýlega opnaði  
ný og glæsileg Bónus verslun í húsnæðinu  
og því má segja að þarna sé komin góður  
verslunarkjarni á frábærum stað, nánast  
miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu,“ segir  
Sigurður E. Ragnarsson, framkvæmda-  
stjóri Smáragarðs ehf., sem er eigandi  
fasteignarinnar að Miðhrauni 24.



## Vel heppnað kvennagolf hjá Seylu

Lionsklúbburinn Seyla hélt sitt árlega kvenna-  
golfmót laugardeginn 8. júní sl. 28 konur  
frá hinum ýmsu golfklúbbum sóttu mótið.  
Golfmótið er fjóröflunarverkefni lionsklúbbs-

ins og rennur allur ágóði til góðgerðamála  
en klúbburinn styrkir árlega ýmis verkefni,  
bæði í heimabyggð og annarsstaðar. Veitt  
eru vegleg verðlaun sem öll eru fengin frá

styrktaraðilum. Golfklúbbur Álfthness hefur  
alltaf verið einn af styrktaraðilunum með því  
af gefa lionsklúbbum eftir vallargjöldin í  
mótinu. Mótið tókst í alla staði vel og veðrið  
var með besta móti.

## Hundabann á varptíma við vötnin



Hundum er bannaður  
aðgangur í friðlandi  
Vífilsstaðavatns og  
Urriðavatns yfir varptímann,  
tímabilið 15. apríl til 15. ágúst.

Allir eru hvattir til að vernda  
fuglalíf við vötnin



GARÐABÆR

# SAUNA

## fyrir þá allra kröfuhörðustu



**BARREL SAUNA (tunnu)**  
Verð frá 585.000 kr.



**ROUND CUBE SAUNA**  
Verð frá 1.795.000 kr.



**SQUARE BARREL SAUNA**  
Verð frá 695.000 kr.



**PATIO SAUNA**  
Verð frá 1.150.000 kr.

Saurnar, sem eru bæði fánlegar úr greni og hitameðhöndluðum við - Thermowood, koma frá SAUNASELL í Eistlandi, sem hefur framleitt útisaunur í yfir 15 ár.

Okkar vinsælustu pottar til á lager!  
Verð frá 148.000 kr.

Einnig afar vandaðir saunaofnar frá HUUM - Hive mini og Drop.

ÍSLENSKT  
LÁTTU ÞAD GANGA



**Fljótandi „hengirúm“**

Í pottinn og laugina - eða með í töskunni til Tene. Margir litir.

*Algjör  
stökun!*



Verð frá 2.720 kr.

afsláttur  
**20%**

**Gríðarsterk og vönduð plastglös**

Gegjuð glös á pallinn, í pottinn eða ferðalagið. Ýmsar stærðir og margir litir.



afsláttur  
**20%**

Verð frá 788 kr.

# NORMX

NORMX · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið mánud. - fimmtud. 10-18, föstud. 10-17. og laugard. 10-14.

# Hljóðrannsóknir á strokhljóðfærum eitt af verkefnum Hans Jóhannssonar

Síðustu ár hafa hljóðrannsóknir á strokhljóðfærum verið eitt af verkefnum Hans, en verkefnið er unnið með hópi vísindamanna og hljóðfærasmíða við Cambridge-háskóla í Bretlandi. Við athöfnina lék strengjakvartett skipaður Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara, Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, Þórunni Ósk Marinósdóttur víóluleikara og Bryndísi Höllu Gylfadóttur selluleikara en þær léku allar á hljóðfæri eftir Hans Jóhannssonar, bæjarlistamanns Garðabæjar 2024.

## Manfred heidraður

Í athöfninni var Manfred Vilhjálmsson arkitekt einnig heidraður fyrir ómetanlegt starf í þágu byggingarlistar. Nýlega ánaðni Manfred Hönnunarsafni Íslands teikningar sínar til varðveislu en hann fékk heiðursverðlaun Hönnunarverðlauna Íslands árið 2019 enda hafa verk hans



Manfred Vilhjálmsson arkitekt einnig heidraður fyrir ómetanlegt starf í þágu byggingarlistar

markað djúp spor í sögu arkitektúrs á Íslandi.



Þó Hans hafi helgað sig nýsmíði á klassiskum strengjahljóðfærum hefur hann einnig flutt fyrirlestra um hljóðfærasmíði og hljóðvistræði víða um heim og tekið þátt í gerð sjónvarpsmyndar um efnið

Starfsferill Manfreds spannar yfir 60 ár og endurspeglar metnaðarfulla listræna og faglega sýn hans í mjög fjölbreyttum verkefnum. Árbæjarkirkja, Ísafjarðarkirkja, Þjóðarbókhlaðan, afgreiðslustöðvar



Við athöfnina lék strengjakvartett skipaður Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara, Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, Þórunni Ósk Marinósdóttur víóluleikara og Bryndísi Höllu Gylfadóttur selluleikara en þær léku allar á hljóðfæri eftir Hans Jóhannssonar, bæjarlistamanns Garðabæjar 2024



Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir, Torfi Geir Simonarson, Guðrún Arna Sturludóttir, Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi, Hans Jóhannsson bæjarlistamaður, Almar Guðmundsson bæjarstjóri og Steinunn Vala Sigfúsdóttir.



Kolbrún Óskarsdóttir og Hrannar Máni Ólafsson tóku við styrk úr Hvatningarsjóði

Nestis við Elliðaár frá 1957 og Garðaskóli eru meðal verka Manfreds sem lauk námi í arkitektúr í Gautaborg árið 1954.

Manfred Vilhjálmsson byggði sér heimili á Álftanesi þar sem hann býr enn en hann lagði áherslu á léttleika og opin rými fyrir fjölskyldu sína.

Við sama tilefni voru veittir styrkir úr Hvatningarsjóði ungra hönnuða og listaman-



Pórey María Kolbeins klarinettuleikari sem tók við styrk úr Hvatningarsjóði. Hér er hún ásamt systur sinni sem lék með henni á píanó við athöfnina.

na en styrki til fjölbreyttra verkefna hlutu Pórey María Kolbeins klarinettuleikari, Daniel Kári Jónsson hornleikari, Thema Rut Haraldsdóttir grafískur hönnuður og ljósmyndari og tónlistarmennirnir Hrannar Máni Ólafsson, Kolbrún Óskarsdóttir og Soffía Petra Poulsen. Við athöfnina lék Pórey María Kolbeins ásamt systur sinni Helgu Sigríði Kolbeins á píanó.

Myndir: Sigga Ella

## Kjötkompaní

# GRILLUM OG NJÓTUM

Náðu í þjóðhátíðarsteikina tímanlega því  
lokað er í verslunum okkar 17. júní

DALSHRAUNI 13  
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18  
110 Reykjavík

GRANDAGARÐI 29  
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani



# SÉRKJÖR AÐEINS Í JÚNÍ LYKILLINN AÐ SUMRINU

bíður eftir þér hjá næsta söluaðila



Söluráðgjafar okkar eru í samningsskapi og bjóða úrval bíla á sérstökum sumarkjörum

**Veldu þér rétta ferðabílinn fyrir sumarið!**

**TOYOTA FÖRUM LENGRA**



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingunni ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

# Samningar við Terra og ÍG um sorphirðu



Garðabær hefur gengið frá samningum við Íslenska gámafélagið og Terra umhverfisþjónustu um sorphirðu og djúpgáma.

Almar Guðmundsson bæjarstjóri í Garðabæ, ásamt Valgeiri Baldurssyni forstjóra Terru og Reginu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra í Mosfellsbæ

Samningarnir við Íslenska gámafélagið eru annars vegar fyrir sorphirðu á lífrænu og almennu sorpi og hins vegar fyrir hirðingu á pappir og plasti. Almar Guðmundsson og Jón Þórir Frantzson forstjóri Íslenska gámafélagsins undirrituðu samninginn. Gildistíminn er í fimm ár með framlengingarákvæði um eitt ár í þrjú skipti.

við Íslenska gámafélagið ehf. námu um 80% af kostnaðaráætlun og samningurinn við Terra tæplega 70%.



F.v. Reginu, Jón Þórir og Almar

Þá var undirritaður samningur vegna sorphirðu djúpgáma við Terra umhverfisþjónustu og undirrituðu þá Almar og Valgeir S. Baldursson fyrir hönd Terra. Gildistími þess samnings er tvö ár með framlengingarákvæði um eitt ár í senn í þrjú skipti. Djúpgámar eru stærri og hagkvæmari en hefðbundnar söfnunartunnur þar sem stærsti hluti gámsins er neðanjarðar. Einungis efsti hluti gámsins, innmötunin er sýnilegur. Í Garðabæ er slíka gáma að finna við Eskiás og í Lambarnýri.

Samningarnir byggja á sameiginlegu útboði Garðabæja og Mosfellsbæjar og upphæðir samninganna

# MARC INBANE

## Hágæða brúnkumeðferð sem að hentar öllum

Sumarið er komið samkvæmt dagatalinu, en lítið hefur þó farið fyrir góða veðrinu og hvað þá sólargætu á himni sem af er sumri. Hvað er til ráða fyrir þá sem hafa beðið að njóta sín í sólinni, vilja fallett tan og friska upp á útlitið.

Gurrý á Snyrtistofunni Kopar býður viðskiptavinum sínum uppá lúxus brúnkumeðferð frá hollenska snyrtivörumerkinu Marc Inbane sem sérhæfir sig í sjálfbrúnkuvörum og eru frumkvöðlar á sínu sviði.

Garðapósturinn heyrði í Gurrý Jónsdóttur snyrtifræðingi og eiganda snyrtistofunnar Kopar í Smiðsbúð 1 Garðabæ, en hún mælir hiklaust með vörnum frá Marc Inbane sem heilbrigðum valkost til þess að fólk geti verið sólbrúnt og sætt allt árið um kring.

**En við byrjuðum á að veritnast aðeins nánar um Gurrý.** „Ég er 33 ára ung kona uppálin í Garðabæ, en búsett í Kópavogi og vinn á Snyrtistofunni Kopar í Smiðsbúð. Ég er snyrtifræðingur og starfa við það ásamt því að halda úti hlaðvarpinu Spjallið, með tveimur vinkonum mínum,” segir hún og bætir við: „Ég er háð hreyfingu og nýt þess mikið að rækta líkama og sál. Ég á mann og tvö yndisleg börn sem ég elska að hugsa um og vera með. Ég veit ekkert betra en að ferðast erlendis með fjölskyldunni og vinum og elska að njóta lífsins,” segir Gurrý sem útskrifaðist sem stúdent og snyrtifræðingur árið 2013. Hún hefur frá þeim tíma verið viðloðandi fagið, vann um tíma sem starfsmaður á snyrtistofu og svo hefur hún verið sjálfstætt starfandi frá 2018.

**Gurrý byrjaði að nota Marc Inbane í brúnkumeðferðir árið 2020, en hvers vegna Marc Inbane?** „Ég hef verið hrifin af Marc Inbane frá því ég byrjaði að nota vörurnar. Marc Inbane spreiddi hefur það fram yfir aðrar brúnkuvörur að það dregur fram þinn eigin náttúrulega húðlit, bara eins og að þú hafir verið í góðan tíma í sólinni. Það er einstaklega þægilegt að vinna með vörurnar og verður útkoman svo fallega náttúruleg bara rétt eins og þú hafir náð góðum tíma í sólinni. Ekki skemmir fyrir að vörurnar frá Marc Inbane eru vegan, olíulausar, án silikona og parabena og eru prófaðar af húðlæknum.”


**En hver er munur á brúnkusprautun og að tana sjálfur?** „Munurinn er sá að þú mætir inná snyrtistofu og lætur fagaðila sjá um að brúnka þig, notuð er sérstök vél sem gerir það að verkum að efninu er sprautað á þig jafnt og á allan líkaman, verður því liturinn dekkri og dýpri.”

### Fólk kemur í brúnkumeðferð fyrir allskyns viðburði

**Eru einhver sérstök tilefni vinsælli en önnur fyrir brúnkusprautun?** „Nei í rauninni ekki, fólk kemur í brúnkumeðferð fyrir allskyns viðburði og er mjög vinsælt að fólk komi fyrir brúðkaup, árshátíðir, veislur, afmæli, utanlandsferðir, keppnir og stundum bara til að ná sér í smá frískleika,” segir hún og heldur áfram: „Svo er fólk orðið mun meðvitaðara um skaðsemi sólarinnar og ljósbekkja, því er stór hópur sem velur reglulega að mæta til mín í brúnkumeðferð til að halda fallegri brúnku allt árið um kring.”



Gurrý mælir með að skrúbba og næra húðina 24 tímum áður en þú mætir í brúnkumeðferð, bæði endist brúnkun lengur og verður liturinn jafnari



Mikil aðsókn er í Marc Inbane brúnkumeðferð hjá Gurrý á Snyrtistofunni Kopar



Auðveld, heilbrigð og örugg leið til að fá og viðhalda fallegri brúnku allt árið um kring

**Er eitthvað sem viðskiptavinurinn þarf að hafa í huga áður en hann mætir?** „Áður en komið er í brúnkumeðferð er gott skrúbba sig til þess að fjarlægja dauðar húðfrumur og bera á sig líkamskrem, þá helst liturinn betur á og áferðin verður fallegri.”

Fyrir þá sem hafa áhuga á brúnkumeðferð eða vilja kynna sér aðrar meðferðir sem hún hefur uppá að bjóða er beint á heimasíðu snyrtistofunnar: [snyrtistofakopar.is](http://snyrtistofakopar.is)



## Tónleikar í Hörpuhorni

Tveir kórar úr Garðabæ, Kór Vídalínskirkju og Garðakórinn sungu í tónlistarhúsinu Hörpu, Hörpuhorni, í Reykjavík sl. sunnudag. Tónleikarnir voru hluti af tónleikaröð Félags Íslenskra kórstjóra, FÍK. Kór Vídalínskirkju söng fyrst nokkur lög úr efnisskrá sinni í vænt-

anlegri tónleikaferð til Ungverjalands en síðan bættist Garðakórinn við í tveim lögum og söng loks seinasta hluta efnisskrárinnar. Stjórnandi og undirleikari beggja kóranna er Jóhann Baldvinsson.

[eignaumsjon.is](http://eignaumsjon.is)

VR

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023  
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki  
í rekstri

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á [thjonusta@eignaumsjon.is](mailto:thjonusta@eignaumsjon.is).

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800






# Árbók Ferðafélags Íslands 2024

Árbók Ferðafélags Íslands kemur nú út 97. árið í röð. Titill bókarinnar er **Sunnan Vatnajökuls – Frá Núpsstað til Suðursveitar**. Í henni er fjallað um svæði sem markast af Djúpa í Fljótshverfi í vestri, vatnaskilum Vatnajökuls í norðri, Steinadal í Suðursveit í austri og strandlengjunni í suðri.

Höfundar eru **Hjörleifur Guttormsson** náttúrufræðingur, **Snævarr Guðmundsson** náttúrufræðingur og **Oddur Sigurðsson** jarðfræðingur. Langflestar ljósmyndir í bókinni eru eftir höfundana þrjá og Snævarr annaðist jafnframt gerð uppdráttu og skýringarmynda.

**Árbókin er komin úr prentun og í dreifingarferli. Þeir félagsmenn sem hafa greitt árgjaldið eiga því von á að fá bókina á næstu dögum. Þeir félagar sem eiga eftir að greiða árgjaldið eru hvattir til greiða gjaldið, kr. 8.900, og fá árbókina senda í kjölfarið. Margvíslegur ávinningur fylgir því að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Sjá á heimasíðu FÍ, [www.fi.is](http://www.fi.is)**

Eins og áður í árbókum félagsins kynnast lesendur svæðinu í gegnum landlýsingu, umfjöllun um jarðfræði og náttúrufar auk þess sem fjallað er um söguna, mannlífið og þær persónur sem þar hafa verið áberandi. Rúm þrjátíu ár eru síðan svæðið sunnan Vatnajökuls var síðast til umfjöllunar í árbók og margt hefur breyst á þeim tíma í þessum stórbrotna heimi jökla og elda. Þá er ítarleg umfjöllun um stofnun Skaftajökulspjóðgarðs, sem varð síðar hluti af Vatnajökulspjóðgarði, og gönguleiðum lýst í Skaftafellslandinu. Bókin ætti að reynast góður ferðafélagi þeirra sem leggja leið sína um svæðið eða vilja kynnast því nánar.



**Árbókin er 280 blaðsíður með 235 ljósmyndum, 32 kortum og skýringarmyndum.**

**Bókin er litprentuð með heimildaskrá ásamt örnefna- og mannanafnaskrá.**

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**




# Árbók FÍ 2024 komin út

Árbók Ferðafélags Íslands kemur nú út 97. árið í röð. Titill bókarinnar er Sunnan Vatnajökuls – Frá Núpsstað til Suðursveitar. Í henni er fjallað um svæði sem markast af Djúpa í Fljótshverfi í vestri, vatnaskilum Vatnajökuls í norðri, Steinadal í Suðursveit í austri og strandlengjunn í suðri.

Höfundar eru Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur, Snævarr Guðmundsson náttúrufræðingur og Oddur Sigurðsson jarðfræðingur. Langflestar ljósmyndir í bókinni eru eftir höfundana þrjá og Snævarr annaðist jafnframt gerð uppdráttar og skýringarmyndar. Ef þetta níunda árbókin sem Hjörleifur skrifaði fyrir Ferðafélagið og nú fær hann til liðs við sig tvo fræðimenn sem eru sérfróðir um jökla og jarðfræði þessa landsvæðis.

Eins og áður í árbókum félagsins kynnt lesendur svæðinu í gegnum landlýsingu, umfjöllun um jarðfræði og náttúrufræði auk þess sem fjallað er um söguna, mannlíf og þær persónur sem þar hafa verið áberandi. Rúm þrjátíu ár eru síðan svæðið sunnan Vatnajökuls var síðast til umfjöllunar í árbók og margt hefur breyst á þeim tíma í þessum stórbrotna heimi jökla og elda. Þá er ítarleg umfjöllun um stofnun Skaftajökulsþjóðgarðs, sem varð síðar



hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, og göngu-leiðum lýst í Skaftafellslandinu. Bókin ætti að reynast góður ferðafélagi þeirra sem leggja leið sína um svæðið eða vilja kynna þá nánar.

Árbókin er 280 blaðsíður með 235 ljósmyndum og 32 kortum og skýringarmyndum. Bókin er litprentuð með heimildaskrá ásamt ömfegna- og mannanafnaskrá. Í bókarklok er greint frá starfi FÍ og deilda þess á landsbyggðinni á árinu 2023. Daniel Bergmann hafði umsjón með útgáfunni.

# Einstaklega vel heppnuð ferð FEBG til Prag

Eitt af þeim skemmtilegu verkefnum sem Félag Eldri Borgara í Garðabæ er með á sínum snærum er að skipuleggja skemmtilegar ferðir sem vekja áhuga og auðga félagsanda félagsanna. Um er að ræða bæði ferðir innanlands og erlendis.

Ein slík ferð var skipulögð nú í byrjun maí og í þetta sinn var áfangastaðurinn Prag. Ferðin var skipulögð og var á vegum ferðaskrifstofunnar Betri Ferða og fararstjórnin var Lilja Hilmarsdóttir en hún hefur farið með og skipulagt margar ferðir á vegum FEBG.

Það var fjallhress og kátur 45 manna hópur sem ferðaðist saman að þessu sinni til Prag. „Prag er einstaklega glæsileg borg! Borg menningar, mennta og lista! Með allar sínar byggingar frá miðöldum óskemmdar, sem kemur til að því að Þjóðverjar hernámu Tékkland í upphafi stríðs og landið slapp við loftárásir. Frelsissaga Técka er svo mögnuð,” segir Laufey Jóhannsdóttir einn félagi í FEBG, en hópurinn gisti á góðu hóteli sem er mjög vel staðsett í miðri Prag fjórar nætur.

„Við skoðuðum það markverðasta eins og Vysehrad hæðina þar sem er kapella



heilags Martins, elsta bygging borgarinnar. Wenceslas torgið þar sem helstu atburðir sögunnar áttu sér stað. Við gengum um kastalahverfið fræga sem er með stærsta kastala í heimi, litum á gullnu götuna, virtum fyrir okkur St. Vítus kirkjuna, sem er eitt helsta kennileiti Prag, gengum yfir Karlsbrúna og virtum fyrir okkur sögulegar minjar sem og fjölbreytt mannlíf borgarinnar. Eitt kvöldið var farið í skemmtisiglingu á Moldá og þar var fram borinn ljúffengur kvöldverður og flutt lifandi tónlist á sigingunni,” segir Laufey.

Þá fór hópurinn í gönguferð þar sem byrjað var í Gyðingahverfinu í gamla bænum

þar sem má finna einstakar byggingar frá 14 og 15 öld. „Þröngar götur einkenna bæjarhlutann. Hápunkturinn var svo gamla torgið „Staromák“ sem er elsta og merkasta torg Prag, er að margra mati eitt fallegasta torgið í Evrópu. Það var ekki aðeins vettvangur fjölmargra dramatískra sögulegra atburða, heldur er það ótrúlega fallegt og heillandi. Gamla bæjartorgið er enn í dag þar sem hjarta Prag slær.”

## 60 þúsund beinagrindur

Seinasta daginn var skipulögð dagsferð um sveitir Tékklands í austurrátt frá höfuðborginni, m.a. til eins vinsælasta ferðamannastaðar Tékklands, bæjarins Kutna Hora, sem er á heimsminjaskrá UNESCO. „Bærinn er þekktur frá fornu fari vegna hinna geysimiklu silfumáma sem voru mikil auðæfi áður fyrr. Þar er líka Barbörkirkjan en heilög Barbara er verndari námumanna. Við skoðuðum Beinakapelluna í Kutná Hora, en talið er að yfir 60.000 beinagrindur séu í kirkjunni a.m.k. Komum við í Ricany, sem nýverið var valinn vinsælasti staðurinn til að búa á í Tékklandi,” segir Laufey en það var svo sæll og glaður hópur ferðafélaga sem lenti á Keflavíkurflugvelli seint á föstudagskvöldi að aflokinni ánægjulegri og fróðlegri ferð til Prag.

## AUGLÝSING

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, sem nær til Arnarlands (Arnarnesháls) í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tillögu að deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Svæðið sem tillögurnar ná til afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Arnarnesvegi, Fífuhvamsvegi og bæjarmörkum við Kópavog.

Arnarland – Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Tillagan gerir ráð fyrir því að reit fyrir verslun og þjónustu, 3.37 Vp, í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar verði breytt í miðsvæði (M). Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttari blandaðri byggð, með áherslu á heilsutengda starfsemi og uppbyggingu íbúðabygðar m.a. í samræmi við markmið um uppbyggingu á samgöngu og þróunarás. Hámarkshæð verður almennt 3-6 hæðir en kennileitisbygging næst Hafnarfjarðarvegi geti orðið allt að 8 hæðir. Aðkoma verður frá Fífuhvamsvegi og um göng undir Arnarnesveg frá Akrabraut. Gert er ráð fyrir því að Borgarlína sem fylgir Hafnarfjarðarvegi liggji um svæðið.

Arnarland, tillaga að deiliskipulagi blandaðrar byggðar

Deiliskipulagstillagan nær til 8,9 h svæðis sem í aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls og afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Fífuhvamsvegi og Arnarnesvegi.

Gert er ráð fyrir blandaðri byggð með 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Sérstök kennileitisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 8 hæðir. Tvær aðkomuleiðir eru að byggðinni, megin aðkoma að byggðinni er frá Fífuhvamsvegi en einnig er gert ráð fyrir undirgöngum undir Arnarnesveg frá Akrabraut fyrir akandi og gangandi/hjólandi umferð. Gert er ráð fyrir sér undirgöngum fyrir Borgarlínu við Hafnarfjarðarveg.

Til móts við atvinnuhúsnæði fyrir miðju svæðisins er gert ráð fyrir verslunar- og/eða þjónusturými á jarðhæðum í tengslum við miðlægt torg þar sem m.a. er gert ráð fyrir biðstöð Borgarlínu. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 500 íbúðum og u.þ.b. 40.000 m<sup>2</sup> af verslunar, skrifstofu og þjónusturými.

Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu borgarumhverfi sem styður við svæðið sem samgöngumiðað svæði við samgöngu- og þróunarás. Helstu áherslur eru á starfsemi og uppbyggingu sem styður við virkan lífsstíl og blandaða byggð með þjónustu í nærumhverfinu og góða og skilvirka tengingu við megin umferðaaðar, stíga og opin svæði.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 6. ágúst 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) eða á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is).



Vefmiðill Garðapóstsins [kgp.is](http://kgp.is)  
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://Facebook.com/Gardaposturinn.is)

[comfort zone]  
conscious skin science

# SUN SOUL

SKIN AND OCEAN  
CONSCIOUS

VERNDAÐU HÚÐINA GEGN  
SKAÐLEGUM GEISLUM  
SÓLAR MEÐ SÓLARVÖRUNUM  
FRÁ COMFORT ZONE

Certified B Corporation

VEGAN

[comfort zone]  
SUN SOUL  
FACE CREAM  
SPF30

[comfort zone]  
SUN SOUL  
PROTECTIVE MIST  
SPF30  
HIGH PROTECTION  
WATER RESISTANT  
UVB (98%)  
UVA (98%)  
HYPOALLERGENIC  
NON-TOXIC

[comfort zone]  
SUN SOUL  
AFTER SUN  
150 ml e 5.07 fl.oz.

[www.bpro.is](http://www.bpro.is) FB: /comfortzoneiceland IG: @comfortzoneiceland

*Ekkert alkóhól.  
Fullt af bragði.*



LA BIÈRE  
FINE SANS ALCOOL



# Bylovisa frumsýnir fyrstu skartgripalínuna fyrir herra

Gullsmíðurinn og skartgripahönnuðurinn Lovisa Halldórsdóttir Olesen hefur hannað skart undir eigin merkjum, bylovisa í 10 ár. Skartið hennar hefur notið mikilla vinsælda enda hefur hún tvínað saman sigilda hönnun við nýjustu strauma hverju sinni. Lovisa hefur mest hannað og smíðað skartgripa fyrir konur en nú verður breyting á því í dag, 13. júní frumsýnir hún fyrstu herralínu sína.

Afhverju ákvaðst þú að auka fjölbreyttina og byrja á því hanna skartgripa fyrir karlmenn? „Eftirspurnin er orðin meiri eftir herraskarti en áður og jó löngu orðið tímabært að koma með herralínu hjá okkur í bylovisa. Ég hef auðvitað smíðað herraskart í mörg ár, sérpantanir en nú er að koma heil lína.“

En að hverju eru karlmenn helst að leita eftir, hvernig skartgripa ganga þeir helst með? „Herraskart er að breytast. Það er ekki endilega svona gróft eins og hefur

verið. Það vinsælasta hjá körlum hafa verið ambönd og hringar en hálsmen og finlegri keðjur eru vinsæl núna.“

Hverjar eru svona helstu áherslur þínar í nýju skartgripalínunni fyrir herrana – hvernig er hönnunin? „Ég vil ekki segja



of mikið - hún er allskonar, línan er kraftmikil, skartgripirnir eru bæði klassískir og grófir í bland. Ég vinn mikið með áferðir og oxideringu. Herraskartgripirnir eru úr silfri og 14kt gulli.“

Ög er ekki komin töluverð spennu fyrir fyrstu herralínunni þinni? „Ég er mjög spennt að loksins sé hún klár og mjög spennt að heyra viðbrögð viðskiptavinanna. Við erum aðeins farin að sýna bak við tjöldin á instagram og fólk virðist líka spennt.“

Eru karlmenn feimnir við að nota skartgripa? „Þeir voru það en það hefur breyst mjög mikið. Þeir eru ekki lengur að biða



Lovisa frumsýnir fyrstu herralínuna sína í verslun sinni, bylovisa í Vínastæti 16 í Urriðaholti í Garðabæ í dag, fimmtudaginn 13. júní

eftir að fá gjöf heldur eins og við konur kaupum þeir sér núorðið sjálfir skartgripa.“



Ög nú geta konur mætt og verslað skart fyrir herrana? „Svo sannarlega og þær hafa mikið verið að biða eftir að fá herraskartgripa hjá okkur,“ segir hún brosandí.

Þú ætlar að kynna nýju herralínuna í verslun þinni bylovisa í dag, 13. júní? „Já, þegar við opnum verslunina í dag þá verður herralínan komin í skápana í Vínastæti og einnig í netverslun okkar á bylovisa.is. Ég verð að sjálfsögðu á staðnum og hlakka mikið til þess að kynna línuna fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Lovisa og bætir við að þau bjóði upp á léttar veitingar í dag af þessu tilefni og það eru allir boðnir velkomnir, en verslunin, bylovisa er staðsett að Vínastæti 16 í Urriðaholti Garðabæ.



## SKÓLAGARÐAR GARÐABÆJAR


Skólagarðarnir í Silfurtúni eru fyrir börn á aldrinum 6 - 13 ára. Leiðbeinandi verður á staðnum börnum til aðstoðar. Fjölskyldur sem áhuga hafa á að koma með og hjálpa barni sínu eða börnum eru velkomnar.

Skráning í skólagarðana og val á garði fer fram á staðnum, forráðamenn eru skráðir fyrir þátttökugjaldinu sem er 5.500 kr. Í lok sumarsins verður haldin uppskeruhátíð.

Garðarnir eru opnir á virkum dögum frá kl. 8:00-16:00. Þar er góð aðstaða til dvalar og geta þau sem vilja tekið með sér nesti og neytt á staðnum. Athugið að skólagarðar eru ekki daggæsla.

Eldri borgurum býðst að leigja garð í skólagörðunum.

Nánari upplýsingar veitir:  
Smári Guðmundsson, garðyrkjustjóri  
netfang: [smarig@gardabaer.is](mailto:smarig@gardabaer.is)



## Bæjarmólar



## Flataskóli tók þátt í UNICEF hlaupi

Þann 4. júní sl. tóku nemendur Flataskóla þátt í fræðslu- og fjárfunarverkefni fyrir grunnskólabörn á Íslandi sem kallast UNICEF-Hreyfingin. Markmið verkefnisins er að fræða börn um réttindi í Barnasáttmálanum, virkja þau til samstöðu með jafnöldrum sínum um allan heim og að þau upplifi að þau geti lagt sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.

Í Flataskóla hlupu nemendur í 30 mínútur á Samsung fótoltavellinum og fyrir hvern hring fengu þeir límmiða í þar til gerðan passa. Unicef hlaupið er áheitahlaup þar sem áheitum er safnað fyrir hvern hring. Þátttakan ein og sér var þó mikilvægust og það að láta sig málefnið varða.



# LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.  
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

**OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR**

MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG  
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

# Ferð í sauna er ekki bara slökun heldur er ávinningur af hverri ferð fyrir líkama og sál

- segir Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX sem hefur hafið innflutning á vönduðum saunahúsum frá Saunasell í Eistlandi

Í rúmlega 40 ár hefur NormX framleitt heita potta fyrir landsmenn við góðan orðstýr í verksmiðju sinni í Vogum á Vatnsleysiströnd, en verslun NormX og flottur sýningarsalur er staðsettur í Auðbrekku 6 í Kópavogi.

Nú hafa orðið ákveðnar vendingar hjá NormX því auk heitra potta og vara þeim tengdum þá hefur fyrirtækið hafið innflutning á Saunum frá Saunasell í Eistlandi, en fyrirtækið hefur starfað í framleiðslu í meira en 15 ár.

**Heitu pottarnir alltaf í fyrsta sæti** Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX var spurður af því hvort fyrirtækið væri að færa þungan yfir á saunur á kostnað heitu pottanna? „Nei, við erum ekki að gera það, pottarnir verða nú sennilega alltaf í fyrsta sæti hjá okkur, enda hafa þeir reynst gríðarlega vel í gegnum árin, íslensk gæðaframleiðsla á frábæru verði.“

**Hafa ákveðinn gæðstimpil** Hvernig kom það til að þið fóruð að flytja inn saunahús frá Eistlandi og af hverju varð Saunasell fyrir valinu? „Við vildum einfaldlega auka vöruúrvalið hjá okkur og fannst sauna koma þar sterklega til greina. Við komumst fyrst í samband við Saunasell síðastliðið haust á sýningu þar sem saunahús, heitir pottar, garðhús og ýmsar vörur í garðinn voru til sýnis. Þarna var mikill fjöldi fyrirtækja að bjóða upp á saunahús en okkur fannst vörur Saunasell bera af í gæðum og útliti ásamt því að



Orri býður upp á fimm gerðir af saunahúsum í verslun NormX í Auðbrekku, en saunaböð eru sögð hafa margvísleg og góð áhrif á líkamann, vöðva, liði og æðakerfi ásamt því að veita slökun og bæta svefn

fyrirtækið hefur verið starfandi í 15 ár sem er ákveðinn gæðastimpill,“ segir Orri.

**Fimm gerðir af saunahúsum** Og hafa viðskiptavinir val um saunahús, er úrvalið gott hjá ykkur? „NormX býður upp á fimm gerðir af saunahúsum frá Saunasell sem hafa framleitt slík hús í fimmtán ár. Fyrst má nefna hefðbundnar tunnur, „square“ tunnur, sem eru rúmbetri en hefðbundnar tunnur. Patio er önnur tegund sem er með beinum línum og er mjög stílhrein. Þessi tegund fæst í mörgum gerðum. Svo má nefna Round Cube en þessi tegund hefur hlotið hin virtu Red

Dot hönnunarverðlaun. Það sem helst einkennir þessa tegund eru ávalar línur og mjög flott hönnun. Primo er svo vandaðasta gerðin en í hana er notast við tvöfalda thermo við.“



Orri segir að pottarnir verða nú sennilega alltaf í fyrsta sæti hjá þeim þrátt fyrir að hann hafi tekið saunahús inn í verslun sína, enda hafa pottarnir reynst gríðarlega vel í gegnum árin, íslensk gæðaframleiðsla á frábæru verði

## Fólk að hugsa um líkamlegan ávinning af saunaböðum

En af hverju hefur áhugi Íslendinga á saunum aukist svona mikið og skyndilega – saunur eru ekki nýjar af nálinni – hvað hafa landsmenn uppgötvað? „Það er ekki gott að segja, kannski einhver tiskubylgja eða fólk er að hugsa um líkamlegan ávinning af saunaböðum. Saunaböð eru sögð hafa margvísleg og góð áhrif á líkamann, vöðva, liði og æðakerfi ásamt því að veita slökun og bæta svefn. Þannig að ferð í sauna er ekki bara slökun heldur er ávinningur af hverri ferð fyrir líkama og sál.“

## Bjóða upp á flest það sem þarf fyrir saununa

Og þú ertu með einhverja fylgihluti sem fylgja saunum? „Fyrst er sennilega að nefna sauna ofnana, en við mjög vandaða ofna í saunahúsin sem koma frá HUUM í Eistlandi, en sá framleiðandi hefur eins og Saunasell fengið viðurkenningar fyrir flotta hönnun og gæði. Svo bjóðum líka upp á flest það sem þarf fyrir saununa, fötur, aus-

ur, hitamæla, ilmefni allt þetta týpíska sem tilheyrir ferð í sauna.“

## Hægt að fá Saunuhúsin ósamsett eða samsett

Koma saunuhúsin tilbúin til kaupanda eða eru þau sett saman á pallinum hjá viðkomandi? „Það er í boði að fá saunahúsin samsett og send heim í garð. En einnig er í boði að fá þau send ósamsett, þá eru þau vel innpökkuð á bretti og allar upplýsingar um samsetningun fylgja að sjálfsögðu. Það er svoltið eins að setja saman vörur úr IKEA, tekur kannski svoltið lengri tíma, tveir menn eru kannski 1-2 daga að koma upp saunahúsi, fer svoltið eftir því hvað gerð er um að ræða.“

## Pottarnir okkar verða alltaf númer eitt

Þið hafið þó ekki gleymt uppruninum með komu saunuhúsanna, sem er að framleiða heita potta. Þið eruð með fjölbreytt úrval af heitum pottum sem þið framleiðið sjálf. „Allir pottar frá NormX eru framleiddir úr gríðarlega sterku gegnheilu Polyethylene plasti með UV-vörn

við erum að hefja sölu á rafmagnspottum frá Novitek í Finnlandi. Þetta fyrirtæki hefur framleitt rafmagnspotta í fjölda ára. Pottarnir þeirra eru mjög vandaðir í alla staði og gerðir til að þola erfiðustu aðstæður á norðurlöðum. Það er komin mjög góð reynsla á pottana víða um heim. Allir pottarnir sem við seljum frá Novitek koma með 6 kw hiturum, segir hann og heldur áfram: „Kostir rafmagnspotta eru helst þeir að þeir séu alltaf tilbúin til notkunar. Þeir eru náttúrulega mjög góðir á köldum svæðum og þar sem skortur er á heitu vatni. Einnig er yfirleitt auðveldara að koma þeim fyrir og tengingar eru einfaldari. Þannig að rafmagnspottur getur verið góður kostur við ákveðnar aðstæður. Ég myndi samt persónulega frekar velja hitaveituskel ef ég hefði aðgang að heitu vatni,“ segir hann.

## Fjótandi hengirúm slegið í gegn

Svo má ekki gleyma aukahlutum fyrir heitu pottana í verslun ykkar að Auðbrekku – margt skemtilegt í boði? „Já, við bjóðum upp á mikið úrval aukahluta og má þar t.d. nefna úrval af hitamælum, háfa í laufveiðar, bursta í þrífín, vatnsheld spil, klór og hreinsiefni. „Meðal vinsælla nýjunga í aukahlutum má nefna vönduð plastglös sem eru tilvalin við pottinn, á pallinn eða í útileguna eða sem tækifærissgjöf. Einnig hafa fjótandi „hengirúmin“ okkar slegið í gegn enda er frábær slökun að fljóta og njóta í þeim.“

## Draumagarðurinn með heitum og köldum potti ásamt saunahúsi

Og er þetta hin heilaga þrenna, heitum og köldum pottur og saunahús í garðinn? „Já, ég held að ég tali fyrir marga þegar ég segi að draumapallurinn/garðurinn er með heitum og köldum potti ásamt saunahúsi, það er sannkallaður sælureitur,“ segir Orri að lokum og nú er bara að koma við hjá Orri og félögum í Auðbrekkunni og skoða úrvalið í sýningarsalnum.



Það er mikið framboð á fylgihlutum fyrir potta og saunur í NormX



sem kemur í veg fyrir að sólin hafi áhrif á lit þeirra. Auk þess er mjög auðvelt að þrifa þá,“ segir Orri og bætir við: „Pottarnir okkar verða alltaf númer eitt, en við framleiddum þá í verksmiðju okkar í Vogum á Vatnsleysuströnd.“

## Gott verð og góð gæði - verðin ekkert hækkað frá sl. ári

Og þessir pottar hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin – hver er ástæðan? „Ég held að þar spili bæði gott verð og góð gæði. Ódýrasti potturinn okkar kostar 148.000 kr. en, Grettislaug sem er vinsælasti potturinn, kostar 285.000 kr. og tekur 1400 lítra. Þess má geta að verðin á pottunum hafa ekkert hækkað frá síðastliðið ár.“

## Selja rafmagnspotta frá Novitek í Finnlandi

Þið hafið einnig nýlega tekið inn rafmagnspotta frá finnska fyrirtækinu Novitek – eru þetta vandaðir pottar og hvort mælir þú nú frekar með ykkar framleiðslu- eða rafmagnspotti? „Já,



Round Cube saunahúsin hafa hlotið hin virtu Red Dot hönnunarverðlaun, en það sem helst einkennir þessa tegund eru ávalar línur og mjög flott hönnun.



NormX er með mjög vandaða ofna í saunahúsin sem koma frá HUUM í Eistlandi og hafa einnig fengið viðurkenningu fyrir flotta hönnun og gæði

## AUGLÝSING

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 6.6.2024 var samþykkt að vísa tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036 – Rammahluti Vífilsstaðalands sem nær til uppbyggingarsvæða í Hnoðraholti og Vetrarmýri til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagsgatta nr.123/2010. Breytingin nær til fjölda íbúðareininga á svæðinu.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjöldi íbúða í Hnoðraholti norður hækki úr 470-520 í 500-600 en fjöldi íbúða í Hnoðraholti suður lækki úr 700-750 í 600-700. Á miðsvæði í Vetrarmýri fjölgi úr 600-800 íbúðum í 700-900 íbúðir. Á Vífilsstöðum vestur verði gert ráð fyrir 100-200 íbúðum í stað 100. Breytingar koma fram í greinargerð Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands.

Tillagan verður aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, [www.skiplagsgatt.is](http://www.skiplagsgatt.is).

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar til og með 18. júní 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skiplagsgatt.is](http://www.skiplagsgatt.is)

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagsgatta nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. gr. 43. sómu laga.

Vorbraut 21-25, 27-35 og 49-55 - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúðareininga í raðhúslengjunum Vorbraut 21-25 fjölgi úr 3 í 4, Vorbraut 27-35 úr 5 í 6 og Vorbraut 49-55 úr 4 í 5.

Alls verður fjölgun um 3 íbúðareiningar. Fjöldi íbúðareininga er í samræmi við viðmiðunarfjölda íbúða fyrir Hnoðraholt suður sem fram kemur í aðalskipulagi.

Farsímasendir við Ásabraut-tillaga að breytingu á Hraunholts vestra (Ásahverfis).

Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu a.m.k. 18 metra hárs farsímasendis á opnu svæði austan Ásabrautar við gatnamót að Breiðási og Stórásí.

Markmið tillögunnar er að bæta skilyrði farsímasambands í austurhluta Ásahverfis.

Tillögunnar verða aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, [www.skiplagsgatt.is](http://www.skiplagsgatt.is).

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar til og með 29. júlí 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skiplagsgatt.is](http://www.skiplagsgatt.is).



# Gleðilega þjóðhátíð Garðbæingar

Endurskoðun  
& ráðgjöf ehf.

Garðatorgi 7 • 212 Garðabær  
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is



**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN



SJÚKRADJÁLFUN  
GARÐABÆJAR



dagur



Fjölbrautaskólinn  
í Garðabæ



GARÐABÆR  
þjónustumiðstöð

**NÝMÓTI**  
BYGGINGAVERKTAKAR



**FK**  
FJARÐARKAUP



**NORMX**



**RAFSTJÓRN ehf.**  
Virgni loftræstikerfa er okkar fag

URRIÐAHOLT



**Heimar**

**Madonna**

HÁRGREIÐSLUSTOFAN  
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

**EFNALAUG  
GARÐABÆJAR**

GARÐATORGI 3 SÍMI 565 6680

**GARÐABÆR**  
Íþróttamiðstöðvar

**Arion banki**

**TÓNLISTARSKÓLI**  
Garðabæjar

**LOFT  
ORKA**

**Rafport**

**ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ**

**IceCom**  
Íslenska fjarskiptafélagið

# FJÖR Í GARÐABÆ 17. JÚNÍ

13:00

## SKRÚÐGANGA

Skátafélagið Vífill og Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar leiða göngu sem fer frá Hofsstaðatúni á Garðatorg.

13:30–16:00

## FJALLKONA, LATIBÆR OG SIGGA ÓZK

Einnig koma fram Sólon ofurmaður, Ingó Geirdal töframaður og söngkonurnar Jóna Margrét og Anita. Dagskráin fer fram á sviði á göngugötunni, Garðatorgi 4.

13:30–16:00

## HOPPUKASTALAR

Bílastæði Garðatorgs breytt í svæði fyrir fjör.

13:00–15:00

## KAFFIHLAÐBORD KVENFÉLAGS GARÐABÆJAR Í SVEINATUNGU

Brauðtertur, hnallpórur og randalínur að hætti kvenskörungna.

14:00–16:00

## FÁNASMIÐJA OG ANDLITSMÁLUN

Föndursmiðja og andlitsmálun á Garðatorgi 7.

## • BÓKSAFN GARÐABÆJAR

Notaleg stemning, spil, tafl og myndir til að lita.

## • HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningarnar Hönnunarsafnið sem heimili, Strá og greinar og Eldblóm. Körfugerðarkona í vinnustofunni.

## • MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM

Skyggunumst inn í fortíðina og fræðumst saman.

## • KAKA OG GJÖF Í TÍLEFNI AF 80 ÁRA LÝÐVELDISAFMÆLI ÍSLANDS

Lýðveldiskaka borin fram á Garðatorgi 4 á fjölskylduskemmtun og Fjallkonubókin afhent á Bókasafni Garðabæjar en hvoru tveggja er í boði stjórnvalda.

## • AFTUR TIL HOFSSTAÐA

Fróðleg margmiðlunarsýning á Garðatorgi 7.



20:00

## HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TÍLEFNI 80 ÁRA AFMÆLIS LÝÐVELDISINS Í TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR

Hallveig Rúnarsdóttir sópran  
Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran  
Gunnar Guðbjörnsson tenór  
Bergþór Pálsson baritón  
Eva Þyri Hilmarsdóttir píanó.

Íslenskar söngperlur fluttar ásamt verðlaunalagi Atla Ingólfssonar við texta Þórarins Eldjárns, Ávarp fjallkonunnar.

Aðgangur ókeypis.